

Reglur um Samkomuhúsið í Sandgerði

1. grein

Útleiga

Samkomuhúsið er leigt út til veislu-, funda- og ráðstefnuhalds. Sveitarfélagið hefur forgang á notkun hússins.

Leigutaki skal vera 25 ára eða eldri. Leigutaki getur átt von á eftirlitsaðila frá leigusala hvenær sem er á leigutíma.

2. grein

Stærð sala

Borð, stólar og borðbúnaður fylgja báðum söllum. Einnig veisluborð (langborð). Stærð veisluborðs er 140 x 240 cm. Stóri salurinn tekur að hámarki 200 manns í sæti. Litli salurinn tekur að hámarki 60 manns í sæti. Einnig er hægt að dekkja upp á svölum.

3. grein

Hið leigða

Húsið er ávallt leigt án umsjónarmanns. Leigutaki ber fulla ábyrgð á húsinu meðan á útleigu stendur.

Leigutaki fær afhentan lykil að samkomuhúsinu. Jafnframt fær leigutaki úthlutað aðgangsnúmeri að öryggiskerfi hússins og er númerið bundið við tíma leigutaka í húsinu.

Leigutaki ber ábyrgð á hinu leigða og skal gera grein fyrir því sem misfarist hefur áður en húsið er yfirgefið. Afhending hússins getur farið fram degi fyrir leigudag ef það er ekki í útleigu. Sjá nánar um gjöld í gjaldskrá sveitarfélagsins.

4. grein

Skemmtanaleyfi og vínveitingaleyfi

Við útleigu á húsi til árshátíða, dansleikja og veisluhalds sem standa yfir lengur en til 23:30 þarf leigutaki að útvega tækifærisleyfi hjá Sýslumanninum á Suðurnesjum:

<http://www.syslumenn.is/embattin/embatteri-og-umdaemi/syslumadurinn-a-sudurnesjum>

Eyðublað fyrir tækifærisleyfi er að finna á:

<http://www.syslumenn.is/media/eydublod/Taekifaerisleyfi-umsoknareydublad.pdf>

Launakostnaður og annar kostnaður sem fylgir ráðningu dyravarða og annars starfsfólks er greitt af leigutaka.

Leigutaki ber ábyrgð á greiðslu stefgjalda vegna tónlistarflutnings. <http://www.stef.is/>

Umsóknir um ýmis leyfi hjá STEF er að finna á : <http://www.stef.is/STEF/Umsoknir/>

Sandgerðisbær tilkynnir STEF um gjaldskylda útleigu á húsinu en ber ekki ábyrgð á greiðslu stefgjalda.

5. grein

Umgengi og skil á húsinu

Reykingar eru stranglega bannaðar í húsinu. Við skil á salnum skal þurrka af borðum og stólum sem notuð eru. Stólum skal raða ofan á borðin eftir þrif borðanna. Eldhús skal þrifa og þvo upp og ganga frá öllum eldhús- og borðbúnaði á sinn stað. Tæma þarf uppþvottavél. Gólf í sal, eldhúsi og anddyri skal sópa. Ekki skal skúra gólf né þrifa salerni. Hreinsa skal rusl utandyra.

Samþykkt í bæjarstjórn Sandgerðisbæjar þriðjudaginn 2. júní 2015.